



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 22. október 2018

R14010250

Borgarráð

***Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um innkaupafjerli vegna borða í borgarstjórnarsalinn.***

Á fundi borgarráðs 11. september sl. lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram eftirfarandi fyrirspurn:

*"Óskað er eftir upplýsingum frá innkaupadeild og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um innkaupafjerli á borðum í borgarstjórnarsalinn samkvæmt framlögðu yfirliti yfir viðskipti innkaupadeildar í september 2018."*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Í samráði við innkaupadeild var farið í verðfyrirspurn um borð í borgarstjórnarsal í júlí 2018. Verðfyrirspurn nr. 14301. Tilboð voru opnuð hjá innkaupadeild miðvikudaginn 1. ágúst 2018. Tveir aðilar buðu í verkið og var í framhaldi báðum tilboðum hafnað. Annað tilboðið var verulega umfram kostnaðaráætlun og hitt ekki samræmi við gögnin, þ.e.a.s. tilboðið tók ekki til alls verksins, líkt og áskilið var í gögnum. Í framhaldinu var ákveðið að ganga til samningskaupa við lögstjóðanda á grundvelli tilboðs en raf- og netlagnavinna var undanskilin í samningi.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samanburðartafla tilboða dags. 1. ágúst 2018

Verksamningur dags. 14. ágúst 2018.

Árið 2018, miðvikudaginn 1. ágúst kl. 10:00 var haldinn opunarfundur vegna verðfyrirspurnar skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar nr. 14301 „Borð í borgarstjórnarsal - Smíði og uppsetning“. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.  
Fundu stjórnaði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1	HBH byggir ehf.	Kr	45.945.591	167,07%
2	Trésmiðjan Borg ehf.	Kr	17.717.000 <sup>10</sup> <sub>GE</sub>	64,43%
	Kostnaðaráætlun	Kr	27.500.000	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki

Fundi slitið kl. 10:03

G. Eggertsdóttir  
  


Undirritaðir aðilar, annars vegar Reykjavíkurborg eignasjóður kt. 570480-0149 fyrir hönd Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 sem verkkaupi og hins vegar Trésmiðjan Borg ehf, kt. 690806-0880, Borgarmýri 1, 550 Sauðárkróki, sem verktaki, gera með sér svo hljóðandi

**Verksamningur**  
**um**  
**Borð í borgarstjórnarsal, smíði og uppsetningu.**

**1. gr.**

Í verki þessu felst að smíða og setja upp 27 borð í borgarstjórnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur. Borðin skulu vera á hjólum og hægt skal vera að taka þau í sundur til geymslu. Útlit og handbragð borða skal svipa til fyrri borða í salnum. Í verkinu er allt efni og vinna er viðkemur rafmagns og netlögnum og sérsmiði við stálhluta borðanna og útvegum á hjólum og stoppbúnaði.

Reykjavíkurborg mun sjálf láta vinna raf- og netlagnir samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum á sinn kostnað og ábyrgð. Raf- og netlagnavinna verður unnin eftir að Trésmiðjan Borg ehf. hefur skilað borðunum í Ráðhúsið. Sérsmiðaður stálhluti borðanna og hjóla og stoppbúnaður skal afhentur til Trésmiðjunnar Borg ehf. af hálfu Reykjavíkurborgar til fullvinnslu borðanna. Skal Trésmiðjan Borg ehf. koma stálhluta fyrir í borðunum sem og hjól- og stoppbúnaði skv. teikningum.

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. *Verðfyrirspurnar- og verklýsingu nr. 14301 Borð í borgarstjórnarsal, smíði og uppsetning*, dags. í júlí 2018 að undanskildum þeim breytingum sem fram koma í 1.gr. samnings þessa.
2. *Tilboðsskrá ásamt undirrituðu tilboðsblaði og fylgigögnum bjóðanda*, dags. 26. júlí 2018 að undanskildum þeim verkþáttum sem undanskildir eru skv. 1. gr. samnings þessa.
3. *Teikningum frá Studio Granda sem vísað er til í verklýsingu.*
4. *Íslenskum staðli - ÍST-30*, 6. útgáfa 2012, eftir því sem við á í.
5. *Opinberar reglugerðir*, er varða verkefni þetta.
6. *Framkvæmdatryggingu*, sbr. gr. 1.16

og eru nefnd gögn hluti af samningi þessum.

Auk þess skal verktaki vinna eftir gögnum útgefnum á verk tíma í samræmi við verðfyrirspurnar- og verklýsingu og verða þau þá hluti af samningi þessum.

**2. gr.**

**Verktími og féviti**

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt TILBOÐSBLAÐI, gr. 1.14 VERKTÍMI í verðfyrirspurnar- og verklýsingu.

**Lok framkvæmda er: Desember 2018.**

Ljúki verktaki ekki verkinu eða einstökum áföngum þess á tilskildum tíma skal hann greiða verkkaupa tafabætur (dagsektir) samkvæmt gr. 1.15 TAFABÆTUR í verðfyrirspurnar- og verklýsingu.

**3. gr.**

**Greiðslur og greiðslufyrirkomulag**

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða verktaka samkvæmt tilboði hans kr. 15.717.000 m. vsk., fimmtánmilljónir sjö hundruð og sautján þúsund, með þeim breytingum sem leiða kunna af ákvæðum samningsgagna.

Verkkaupi skal greiða verktaka staðfestingargjald sem skal miðast við 20% af samningsfjárhæð eða kr. 3.143.440, þrjú milljónir eitthundrað fjörðugi og þrjú þúsund fjögur hundruð og fjörtíu skv. útsendum reikningi verktaka sú fjárhæð dregst af heildarsamningsfjárhæð.

Verktaki skal gera reikning fyrir verkið í samræmi gr. 1.11 greiðslur og gr. 1.13 verðlagsgrundvöllur verðfyrirspurnar og verklýsingu.

Reikninga skal stíla á:

- Reykjavíkurborg eignasjóður kt. 570480-0149, b.t. Borgarbókhalds, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Verkbeiðnanúmer: 152089

4. gr.  
Verktrygging.

Til tryggingar því, að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa, afhendir hann verkkaupa eigi síðar en við undirritun verksamnings verktryggingu skv. kafla 3.5 í ÍST 30. Verktrygging skal miðast við 15% af samningsfjárhæð eða kr. 2.357.550, tværmilljónirþrjúhundruðfimmtíuogsjöþúsundfimmhundraðogfimmtíu og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð eða í kr. 628.680, sexhundraðtuttuguogáttaþúsundsexhundraðogáttatíu að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar verktryggingarinnar. Sjá nánar ákvæði í gr. 1.16 FRAMKVÆMDATRYGGING í verðfyrirspurnar- og verklýsingu.

5. gr.  
Ýmis ákvæði

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 14. ágúst 2018

Verkkaupi:



F.h. Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar  
Reykjavíkurborgar

Verktaki:



F.h Borg trésmiðju ehf.

Vitundarvottar:

Heimildarvottorð 0863613635

20988-7249